



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ósvaraðar fyrirspurnir.

Á fundi borgarráðs 30. apríl sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú eru 24 fyrirspurnir frá mér sem biða svars og sú elsta frá 10. janúar 2019. Kjörnum fulltrúum ber að sinna eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum. Þetta eru afleit vinnubrögð. Margra þessara fyrirspurna snúa að vafasamri stjórnsýslu hjá borginni. Hvers vegna er fyrirspurnum ekki svarað? Hvað er verið að fela? Óskað er eftir að ósvöruðum fyrirspurnum verði svarað tafarlaust. Hver vegna er ekki búið að svara framhaldsfyrirspurn minni um kæru vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979. Í því máli hefur úrskurðarnefnd útboðsmála úrskurðað um sekt Reykjavíkurborgar og er útboðið í heild sinni í uppnámi, en fyrirspurnin hljóðar svo: 1. Óskað er eftir að borgarráð fái öll gögn sem Reykjavíkurborg hefur látið kærunefnd útboðsmála í té vegna kæru um stýribúnað umferðarljósa og skal ekkert undanskilið. 2. Er Reykjavíkurborg búið að svara kæru sem er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála um rammasamning um stýribúnað umferðarljósa? 3. Er það virkilega svo að sama fyrirtæki hafi verið í viðskiptum við Reykjavíkurborg á þessu tiltekna sviði allt frá árinu 1979 eins og fram kemur í fundargögnum innkauparáðs? 4. Hvaða fyrirtæki hafa þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringum frá árinu 1979? 5. Hvað hefur Reykjavík farið í mörg útboð á ljósastýringarbúnaði frá árinu 2000?

Við framlagningu fyrirspurnarinnar þann 30. apríl sl. voru **19** ósvaraðar fyrirspurnir frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins á vettvangi borgarráðs samkvæmt meðfylgjandi yfirliti. Frá upphafi kjörtímabilsins hafa **127** fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins verið afgreiddar á vettvangi borgarráðs.

Af þessum **19** fyrirspurnum eru **8** frá árinu 2019 og eru þær allar í vinnslu hjá viðkomandi fagsviðum. **4** fyrirspurnir voru í bið á vettvangi borgarráðs og var ekki vísað til meðferðar á meðan svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar voru að bregðast við neyðarstigi almannavarna

vegna Covid-19. Við því er að bæta að á síðasta fundi borgarráðs 7. maí sl. var lagt fram svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúans um útboð vegna ljósastýringarbúnaðs sem vitnað er til í erindinu.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Yfirlit yfir fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði dags. 12. maí 2020.

Óafgreiddar fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði m.v. 30. apríl 2020

Málsnúmer	dags/	Eðli	Flokku	Lagt fram í	Efni	málsmeðferð	vísad til
R20040011	2.4.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um ráðgjafafyrirtækið Strategíu	í bið	
R20030241	26.3.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um kostnað við endurbætur og uppbyggingu vegna Aðalstrætis 10	í bið	
R20030240	26.3.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um strætisvagna	í bið	
R20030201	26.3.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um innri leigu Klettaskóla	í bið	
R20020283	27.2.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um skýrslu frá árinu 2016 um SORPU	til umsagnar	stjórn SORPA
R20010390	27.2.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um kostnað við endurgerð Tjarnarbiós	til umsagnar	USK
R20010220	13.2.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um gögn vegna skýrslu Borgarskjalasafns Reykjavíkur um Nauthólsveg 100	til umsagnar	SBB
R20010390	30.1.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um kostnað við endurgerð Tjarnarbiós	til umsagnar	SBB
R19110212	30.1.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um greiðslur Reykjavíkurborgar til EFLA verkfræðistofu	til umsagnar	FÁST
R19100452	23.1.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um kærnu vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979	til umsagnar	innkaupaskrifstofa
R20010222	16.1.2020	Fyrirspurn	M	borgarráð	um útsvarstekjur og fasteignatekjur Reykjavíkur eftir póstnúmerum frá 2015-2019	til umsagnar	FÁST
R19110388	28.11.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um þá ákvörðun að minnka götulýsingu	til umsagnar	USK
R19110213	22.11.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um kostnað við gróðurhvefingu í Elliðaárdal	til umsagnar	USK
R19110061	7.11.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um biðskýli Strætó bs.	til umsagnar	stjórn Strætó
R19110059	7.11.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um hækkun hitaveitugjalds til gróðrastöðvarinnar Lambhaga	til umsagnar	stjórn OR
R19100112	3.10.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um nauðsyn og kostnað snjallmælavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur	til umsagnar	stjórn OR
R19070166	18.7.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um oftekið vatnsgjald Orkuveitu Reykjavíkur	til umsagnar	stjórn OR
R19070150	18.7.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um verkefnastofu borgarlinu	til umsagnar	USK
R19010188	10.1.2019	Fyrirspurn	M	borgarráð	um framkvæmdir við Fossvogsskóla	til umsagnar	USK